



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun 35/2009

Kvörtun Nýja Kaupþings banka hf. vegna markaðsefnis Allianz Ísland hf.

I.

Erindið

Erindi Nýja Kaupþings banka hf., hér eftir nefnt Kaupþing, barst Neytendastofu með bréfi, dags. 19. febrúar 2009. Í bréfinu kemur fram að Allianz Ísland hf., hér eftir nefnt Allianz, hafi birt á vefsíðu sinni auglýsingu þar sem ávöxtun á lífeyrissparnaði Allianz árið 2007, sé borin saman við ávöxtun annarra lífeyrissparnaðarleiða, þ.á.m. Lífeyrisauka og Vista sem eru hvorutveggja lífeyrissparnaðarleiðir þar sem Kaupþing er vörsluaðili. Í auglýsingunni sé grunnforsendum misbeitt með meðvituðum hætti sem geri það að verkum að ávöxtun Allianz komi mun betur út en ávöxtun annarra lífeyrisleiða í samanburðinum. Telji Kaupþing auglýsinguna vera ranga og villandi og því brjóta gegn 5. gr., 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Það auki alvarleika brotsins að um sé að ræða í það minnsta annað brot Allianz á ákvæðum fyrrgreindra laga, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2009.

Í hinni umdeildu auglýsingu beri Allianz raunávöxtun lífeyrissparnaðarleiðar sinnar í evrum saman við raunávöxtun lífeyrissparnaðarleiða tiltekinna vörsluaðila á Íslandi. Út af fyrir sig sé eðlilegt að bera saman raunávöxtun mismunandi lífeyrissparnaðarleiða. Brot Allianz á fyrrgreindum lögum felist í því að ekki séu notaðar sömu forsendur milli lífeyrissparnaðarleiðanna, sem geri samanburðinn ómarktækan.

Þegar bornar séu saman ávöxtunartölur sé grundvallaratriði að notuð sé sama grunnmynt í útreikningum. Það sé í hæsta máta óeðlilegt og ósanngjarnt að bera saman annars vegar ávöxtun verðbréfasafns í krónum sem innihaldi erlend verðbréf, sbr. hluta af fjárfestingarleiðum Lífeyrisauka og Vista, þar sem búið sé að reikna ávöxtun erlendra eigna í íslenskar krónur, m.v. breytingu á gengisvísitölu krónunnar, og hins vegar ávöxtun erlends verðbréfasafns í erlendri mynt, sbr. lífeyrissparnað Allianz.



Jafnframt þegar borin sé saman raunávöxtun Allianz annars vegar og Lífeyrisauka/Vista hins vegar þurfi að nota sömu neysluverðsvísitölubreytingu til að samanburðurinn sé eðlilegur og sanngjarn. Samkvæmt munnlegum upplýsingum sem starfsmaður Kaupþings hafi fengið hjá starfsmanni Allianz sé það ekki gert, heldur sé raunávöxtun reiknuð í evrum m.v. vísitölubreytingu á Evrusvæðinu eða í Þýskalandi og borin saman við raunávöxtun m.v. neysluverðsvísitölubreytingu á Íslandi, sem gefi mjög villandi niðurstöðu.

Hærri raunávöxtun í einum gjaldmiðli þurfi ekki að þýða meiri hækkun á eignum sjóðfélaga, þar sem gengisþróun gjaldmiðla og mismunandi þróun neysluvísitalna ólíkra landa sem hafa sama gjaldmiðil geta verið á þann veg að eignir sjóðfélaga geti hæglega verið hærri þeim megin sem raunávöxtunin mælist lægri. Jafnframt hefur verið mun hærri verðbólga á Íslandi en á Evrusvæðinu síðastliðin ár sem valdi ójöfnuði á niðurstöðu samanburðar.

Kaupþing bjóði upp á margar mismunandi lífeyrissparnaðarleiðir. Sem dæmi megi nefna að í boði séu leiðir sem feli í sér að um 80% af eignum lífeyrissparnaðarleiðar eru í erlendum verðbréfum. Þegar birtar séu ávöxtunartölur fyrir slíkar leiðir sé ávöxtun ávallt reiknuð í íslenskum krónum, þar sem greitt sé til sjóðfélaga í þeim gjaldmiðli. Með því sé jafnframt mögulegt að bera ávöxtun þeirra leiða við ávöxtun annarra lífeyrissparnaðarleiða sem samanstandi eingöngu af íslenskum eignum.

Miðað við markaðsaðstæður á erlendum verðbréfmörkuðum árið 2007, dragi Kaupþing því stórlega í efa að ávöxtunartölur þær, sem Allianz birti, séu raunávöxtunartölur. Þá hafi starfsmönnum Kaupþings ekki tekist að fá tölurnar staðfestar frá móðurfélagi Allianz, þrátt fyrir sérstaka eftirgrennslan.

Með birtingu auglýsingarinnar á heimasíðu sinni, og þeim samanburði sem þar komi fram milli mismunandi lífeyrisleiða, telji Kaupþing að Allianz hafi brotið gegn 5. gr., 6. gr., og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Allianz sé vörsluaðili lífeyrissparnaðar skv. 8. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Gera verði ríkar kröfur til þeirra aðila sem taki á móti og ávaxti lífeyrissparnað almennings og þ.m.t. þess markaðsefnis sem þeir noti í starfsemi sinni.

Þá verði að hafa í huga að hér sé um að ræða þriðju kvörtun Kaupþings til Neytendastofu vegna markaðsefnis Allianz og því ljóst að Allianz hafi sýnt af sér ótrúlegt skeytingarleysi gagnvart lögum nr. 57/2005 við undirbúning og notkun á markaðsefni sínu, sem beint sé að almenningi.



II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Kaupþings var sent Allianz með bréfi Neytendastofu, dags. 4. mars 2009. Í bréfi stofnunarinnar kom fram að með gildistöku laga nr. 50/2008 um breytingu á lögum nr. 57/2005 var ákvæði um samanburðarauglýsingar breytt og taki það nú ekki eingöngu til auglýsinga í þrengri merkingu heldur einnig til annarra svipaðra viðskiptaaðferða og auglýsinga. Að mati stofnunarinnar geti ákvæði 15. gr. laga nr. 57/2005 því einnig komið til álita í málinu.

Svar Allianz barst Neytendastofu með bréfi, dags. 14. mars 2009. Í bréfinu kemur fram að Allianz hafi reiknað út tölur á vefsvæði sínu á þann hátt að þær hafi verið leiðréttar með gengisvísitölu evru. Tölur fyrir íslenska sjóði hafi verið umreiknaðar í íslenskar krónur. Ástæða þessa sé sú að Allianz hafi fengið allar tölur sem birtar voru frá móðurfélaginu í Þýskalandi. Þær tölur hafi verið umreiknaðar eftir mynt þess lands og var það ekkert launungamál af hálfu Allianz. Því hafni Allianz öllum ávirðingum í þá veru að gögn hafi verið sett fram í þeim tilgangi að bæta stöðu Allianz umfram aðra markaðsaðila. Allianz fái gögn úr staðlaðri úrvinnslu frá móðurfélaginu. Allianz vinni að því, að fá þeim stöðlum breytt, og miði ágætlega í því að fá móðurfélagið til að afhenda gögn til þess að unnt sé að taka tillit til þeirrar venju sem tíðkist hér á landi.

Af hálfu Allianz er ásökunum Kaupþings, um að raunávöxtunartölur Allianz sem birti á vefsíðu sinni séu ekki réttar, hafnað. Í erindinu segist Kaupþing hafa gert tilraunir til þess að fá raunávöxtunartölur staðfestar frá móðurfélagi en ekki sé greint frá því í hverju þær tilraunir hafi falist eða hvert fyrirspurninni hafi verið beint. Allianz fékk tölurnar frá móðurfélagi sínu í Þýskalandi en það hafi enga merkingu þó Kaupþing segist ekki hafa geta fengið þær tölur staðfestar. Langt sé í frá að allir starfsmenn Allianz í Þýskalandi séu í aðstöðu til að staðfesta þær.

Tölurnar séu fengnar úr hagdeild móðurfélags Allianz og reiknaðar skv. þýskum venjum um útreikninga á ávöxtun beint út frá aukningu á verðmæti eigna í Lebensversicherung út frá bókfærðu verðmæti í ársreikningum. Þó færa megri rök fyrir því að það sé réttara að birta þau gögn sem voru á vefsíðu Allianz með öðrum hætti þá sé ljóst að Allianz hafi ekki birt umrædd gögn í auglýsingum né beint þeim að viðskiptavinum sínum með öðrum hætti. Þá megri geta þess að gögnin hafi verið tekin af vefsíðu Allianz við móttöku kvörtunarinnar.

Ljóst sé að sitt sýnist hverjum um framsetningu á gögnum er varði tölur og ávöxtun. Það sé sársaukalaust fyrir Allianz að breyta framsetningu gagna í þá veru sem Kaupþing leggi til í kvörtun sinni og muni Allianz hafa það í huga í framtíðinni.



2.

Bréf Allianz var sent Kaupþingi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 6. apríl 2009. Svar Kaupþings barst með bréfi, dags. 20. apríl 2009. Í bréfi Kaupþings er vísað á bug því sem fram kemur í bréfi Allianz um að raunávöxtunartölur séu fengnar frá móðurfélagi Allianz. Í fyrsta lagi sé lítið mál fyrir Allianz að umreikna tölur frá móðurfélagi sínu þannig að hægt sé að nota þær í samanburð við tölur íslenskra keppinauta Allianz og í öðru lagi beri Allianz á Íslandi hf. ábyrgð á birtingu auglýsingarinnar. Þess megi jafnframt geta að Allianz hafi enn ekki svarað því til hvernig raunávöxtun ávöxtunartalna Allianz sé fundin út.

Þá er því einnig mótmælt að Allianz skuli vísa í móðurfélag sitt vegna athugasemda Kaupþings um að raunávöxtunartölur séu ekki réttar. Kaupþing hafi reiknað út raunávöxtun Allianz á árinu 2007 í íslenskum krónum og miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs á Íslandi, en ekki í Þýskalandi eða á Evrusvæðinu eins og virðist vera gert í auglýsingum Allianz. Sá útreikningur leiði í ljós að raunávöxtun Allianz á árinu 2007 sé -2,63% en ekki 4,01% eins og fram kom í auglýsingu Allianz.

Niðurlag bréfs Allianz verði ekki skilið á annan hátt en að Allianz fallist á athugasemdir bankans. Allianz taki jafnframt fram að það sé fyrirtækinu að skaðlausu að breyta framsetningu sinni. Af því tilefni vilji Kaupþing taka skýrt fram að bankinn telji Allianz hafa með birtingu auglýsingarinnar brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Allianz birti auglýsinguna á heimasíðu sinni auk þess sem Kaupþing hafi fengið upplýsingar um að starfsmenn Allianz hafi dreift henni til væntanlegra viðskiptavina.

3.

Bréf Kaupþings var sent Allianz til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 21. apríl 2009. Svar barst með bréfi, dags. 5. maí 2009, þar sem öllum ávirðingum sem fram koma í bréfi Kaupþings um að Allianz hafi vísitandi notað reikniaðferðir til að bæta stöðu Allianz umfram aðra markaðsaðila er hafnað. Félagið hafi ávallt gætt þess að sýna gegnsæi og trúverðugleika í öllum opinberlega birtum gögnum fyrirtækisins. Fullgildar ástæður séu á bak við það af hverju útreikningar voru með þeim hætti sem gert var í umkvartaðri auglýsingu.

Útreikningar sem fram komu í auglýsingunni og fengnir voru frá móðurfélagi Allianz séu byggðir á niðurstöðum ársreikninga Allianz.

Alkunna sé í útreikningum á ávöxtun að birta ávöxtunartölur út frá niðurstöðum ársreikninga. Einnig sé hægt að reikna ávöxtunartölur út frá beinni ávöxtun eignarstýringar og það hafi Allianz gert auknum mæli á síðustu mánuðum og misserum. Allianz hafi þegar brugðist við athugasemdum um að breyta aðferðum um útreikning ávöxtunar og hætt að nota fyrri aðferðir.



Þeim tilmælum hafi einnig verið komið til móðurfélags Allianz að það breyti staðlaðri úrvinnslu sinni þannig að miðað sé við hina breyttu aðferð.

Viðskiptavinir Allianz vilji fá ávöxtunartölur áður en gerðar séu gengis- og verðbólguleiðréttingar til að geta áttað sig á hvernig eignastýring hjá móðurfélaginu stendur sig og til að geta lagt mat á raunverulega ávöxtun á heimasvæðinu. Því sé mikilvægt að félagið birti líka ávöxtunartölur sem ekki séu verðbólgu- og gengisleiðréttar. Með því að fara fram á að Allianz birti ávallt ávöxtunartölur sem séu gengisleiðréttar hamli Allianz að birta gögn sem viðskiptavinir félagsins hafi óski eftir.

Útreikningum Kaupþings á ávöxtun Allianz fyrir árið 2007, er af hálfu Allianz hafnað sem röngum. Bestu upplýsingar um ávöxtun Allianz megi finna hjá alþjóðlegum og óháðum greiningaraðilum eins og Versicherung Journal og Assekurata í Þýskalandi. Skv. þeim var nafnávöxtun Allianz 5,3% í Þýskalandi en -4,1% þegar búið er að gengis- og verðbólguleiðrétta hana. Í auglýsingu Allianz hafi komið fram að ávöxtun væri 4,1% og skýrist sá munur frá 5,3% á því að 5,3% eru nafnávöxtun en 4,1% raunávöxtun.

Allianz hafi aldrei reynt að leyna upplýsingum fyrir viðskiptavinum sínum eða öðrum, um hver raunveruleg ávöxtun Allianz sé, sbr. meðfylgjandi töflu sem aðgengileg sé öllum og sýni ávöxtun Allianz fyrir árið 2003-2008, annars vegar í Þýskalandi og hins vegar verðbólgu- og gengisleiðréttar.

4.

Bréf Allianz var sent Kaupþingi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. júní 2009. Ekkert svar barst og var aðilum málsins því tilkynnt að gagnaöflun væri lokið með bréfi Neytendastofu, dags. 16. september 2009. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Kaupþing yfir auglýsingu Allianz sem birt var á vefsíðu fyrirtækisins. Í auglýsingunni er borin saman ávöxtun lífeyrissparnaðar. Telur Kaupþing auglýsinguna brjóta gegn ákvæðum 5. gr., 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu þar sem grunnforsendum ávöxtunar viðbótarlífeyrissparnaðarins sé misbeitt með meðvitundum hætti sem geri það að verkum að ávöxtun Allianz komi betur út. Af hálfu Neytendastofu hefur verið á það bent að ákvæði 15. gr. laga nr. 57/2005 geti einnig komið til álitá í málinu.



Af hálfu Allianz er því hafnað að framsetning samanburðarins brjóti gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Ávöxtunartölur Allianz séu komnar frá móðurfélagi Allianz í Þýskalandi og séu byggðar á niðurstöðu ársreikninga félagsins.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er kveðið á um almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vörur fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III.–V. kafla laganna.

Í erindi Kaupþings er ekki vísað til tiltekinn málsgreina 6. gr. en að mati Neytendastofu getur ákvæði 2. mgr. átt við í máli þessu. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skirskotað er til óviðkomandi mála.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 segir um ákvæði 2. mgr. 21. gr., sem nú er í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, að ótilhlýðilegt formi geti t.d. komið fram í samanburði við vörur frá öðrum.

Í 9. gr. laga nr. 57/2005 er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í erindi Kaupþings er ekki vísað í tiltekin lið 1. mgr. en að mati Neytendastofu getur ákvæði b. liðar komið til álita í málinu. Þar segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,“

Í máli þessu kvartar Kaupþing yfir auglýsingu um raunávöxtun lífeyrissparnaðar frá Allianz. Að veita upplýsingar um ávöxtun lífeyrissparnaðarins gefur að mati Neytendastofu, neytendum vonir um að ná þeim árangri eða að slíkur árangur hafi þegar náðst. Ákvæði b. liðar 1. mgr. 9. gr. kemur því til álita í máli þessu.

Í 15. gr. laganna er fjallað um að samanburðarauglýsingar séu allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinauta eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Hugtakið samanburðarauglýsing er skilgreint rúmt svo allar tegundir samanburðar heyri þar undir. Með gildistöku laga nr. 50/2008 var bætt við nýrri málsgrein og á ákvæðið nú einnig við aðrar



svipaðar viðskiptaaðferðir og auglýsingar. Upplýsingar sem fram koma t.d. á vefsíðum fyrirtækja falla því einnig undir ákvæði 15. gr. Samanburðarauglýsingar eru leyfðar að uppfylltum nánari skilyrðum sem tilgreind eru í a.-h. lið 2. mgr. 15. gr. Ákvæði a. og b. liða 2. mgr. 15. gr. eru svohljóðandi:

„Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a. þær séu ekki villandi,*
- b. samanburðurinn taki til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota“*

Í auglýsingu Allianz er raunávöxtun lífeyrissparnaðar Allianz borin saman við ávöxtun annarra sjóða. Ákvæði a. og b. liða 2. mgr. 15. gr. eiga því við í máli þessu.

3.

Í auglýsingu Allianz er borin saman raunávöxtun ýmissa lífeyrissparnaðarleiða við raunávöxtun lífeyrissparnaðar Allianz. Við meðferð málsins hefur komið fram að raunávöxtun Allianz í auglýsingunni sé ávöxtun sjóðsins í Þýskalandi, þ.e. nafnávöxtun hjá móðurfélagi Allianz í Þýskalandi að teknu tilliti til verðbólgu þar í landi árið 2007. Sú ávöxtunartala sem fram kemur í auglýsingunni á því við um ávöxtun í evrum. Ávöxtun annarra sjóða sem fram koma í auglýsingunni hefur hins vegar verið reiknuð að teknu tilliti til gengisbreytinga, þar sem það á við og verðbólgu á Íslandi.

Að mati Neytendastofu er ljóst að þær raunávöxtunartölur sem birtar eru í auglýsingu Allianz fyrir mismunandi sjóði eru ekki hæfar til samanburðar enda byggja þær á mismunandi forsendum. Annars vegar er um að ræða ávöxtun í evrum að teknu tilliti til verðbólgu í Þýskalandi en hins vegar hefur ávöxtun verið gengisreiknuð m.v. íslenska krónu og að teknu tilliti til verðbólgu á Íslandi. Að mati Neytendastofu fullnægja þær ávöxtunartölur sem settar eru fram í auglýsingunni því ekki sömu þörfum enda fá viðskiptavinir Allianz á Íslandi ekki þá ávöxtun á lífeyri sinn sem fram kemur í auglýsingunni. Er því um að ræða brot á b. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005. Vegna þessa er samanburðurinn einnig villandi að mati stofnunarinnar og því brot á a. lið 2. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá er samanburðurinn einnig brot gegn 2. mgr. 6. gr. sömu laga þar sem hann er að forminu til ósanngjarn gagnvart keppinautum sem og neytendum.

Í texta auglýsingarinnar kom ekki fram að ávöxtun Allianz snéri í raun að viðskiptavinum í Þýskalandi og að raunávöxtun viðskiptavina Allianz á Íslandi væri önnur þar sem ekki hafi verið tekið tillit til gengisbreytinga eða verðbólgu á Íslandi. Vegna þessa er það mat Neytendastofu að



auglýsing Allianz veiti neytendum rangar upplýsingar um árangur sem ætla megi af þjónustunni og sé því villandi og brot gagnvart b. lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005.

Neytendastofa gerir ekki athugasemdir við að Allianz veiti sjóðfélögum sínum upplýsingar um raunávöxtun lífeyrissparnaðarins hjá móðurfélaginu í Þýskalandi. Ætli fyrirtækið að bera saman raunávöxtun sína við raunávöxtun annarra sjóða verður þó að gæta að framangreindum ákvæðum a. og b. liða 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005.

Eins og fram hefur komið eru óréttmætir viðskiptahættir bannaðir skv. ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta sé nánar tilgreint í II.-V. kafla laganna en framangreindar lagagreinar er að finna í III. og IV. kafla laganna. Auglýsing Allianz brýtur því einnig gegn ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005.

4.

Í erindi Kaupþings er farið fram á að lagðar verði stjórnvaldssektir á Allianz vegna auglýsingarinnar. Um sé að ræða a.m.k. annað brot Allianz, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2009 og því telji Kaupþing nauðsynlegt að sektarheimildum laga nr. 57/2005 verði beitt.

Með ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2009 var Allianz bönnuð birting auglýsinga þar sem borin var saman raunávöxtun viðbótarlífeyris Allianz við raunávöxtun annarra sjóða. Í ákvörðuninni er um það fjallað að Allianz hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 með því að leggja ávöxtunartölur allra sjóða Vista og allra sjóða Lífeyrisauka saman í eina ávöxtunartölu sem borin var saman við ávöxtun eins sjóðs hjá Allianz. Þá er í ákvörðuninni gerðar athugasemdir við útreikninga Allianz sem liggja að baki auglýsingunni.

Í máli þessu hafa verið færð rök fyrir því að auglýsing Allianz brjóti gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 6. gr., b. lið 1. mgr. 9. gr. og a. og b. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005 þar sem ávöxtunartölur sem bornar eru saman byggja á mismunandi forsendum og fullnægja ekki sömu þörfum neytenda. Ávöxtunartölurnar eru því ekki samanburðarhæfar. Þá gefur auglýsingin neytendum rangar upplýsingar um þann árangur sem vænta má af ávöxtuninni.

Brot Allianz í máli þessu er að mati stofnunarinnar ekki endurtekning á því broti sem um var fjallað í ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2009. Þrátt fyrir það er í báðum ákvörðunum um að ræða brot á ákvæðum laga nr. 57/2005 sem felur í sér villandi og ósanngjarnan samanburð á ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar. Að mati stofnunarinnar er málum svo vaxið að nauðsynlegt er að beita þeim sektarheimildum sem stofnuninni eru veittar með lögum nr. 57/2005.

Með heimild í 22. gr. laga nr. 57/2005 og að teknu tilliti til þess að um er að ræða annað brot Allianz við samanburð á ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar, sem og umfangs brotanna, telur



stofnunin hæfilegt að leggja á Allianz stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.000.000- kr. (einmilljónkróna). Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

V.

Ákvörðunarorð:

„Allianz á Íslandi hf., Digranesvegi 1, Kópavogi, hefur brotið gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og a. og b. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að birta samanburð raunávöxtunar mismunandi lífeyrissjóða þar sem raunávöxtun er ekki samanburðarhæf.

Allianz á Íslandi hf. hefur einnig brotið gegn ákvæði b. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að birta í auglýsingu raunávöxtun móðurfélags Allianz á Íslandi hf. án þess að fram komi að ekki hafi verið tekið tillit til gengisbreytinga eða verðbólgu á Íslandi.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er Allianz á Íslandi hf. bannað að birta samanburð á lífeyrissparnaði sem ekki byggir á sömu forsendum og sömu útreikningum. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunar þessarar.

Með vísan til 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Allianz á Íslandi hf. að fjárhæð 1.000.000- kr. (einmilljónkróna).“

Neytendastofa, 15. desember 2009

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir